

Rangárþing ytra  
b/t Haraldur Birgir Haraldsson  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík, 23. september 2019  
UST201909-112/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2030 - Þjóðólfshagi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 10. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2030.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að frístundalóðirnar nr. 29-34 í Þjóðólfshaga innan frístundasvæðis F11 í gildandi skipulagi, verði breytt í landbúnaðarland.


Í greinargerð lýsingar segir einnig að í skipulagsgerð er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnumiða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti í skipulagsgerðinni. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist því til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið mun byggja á fyrirliggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur